

Minnisblað - Drög að frumvarpi til landflutningalaga 5. ágúst 2008.

I. Inngangur

Um landflutninga gilda lög nr. 24/1982 um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi. Lögin hafa að geyma reglur um efni flutningssamnings og ábyrgð flytjanda, sendanda og móttakanda. Eftir að lögin tóku gildi samþykkti Landvari sérstakar reglur um gírókröfupjónustu Landvara og skilmála um vöruflutninga á landi og var þessum reglum ætlað að vera til fyllingar lögunum.

Eftir að flutningasvið SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu – var stofnað í ársbyrjun 2006 og eftir að aðildarfélög Landvara bættust við í hóp aðildarfélaga flutningasviðsins síðar á því ári, ákváðu nokkrir meðlimir flutningasviðs SVÞ að kanna hvort þörf væri á endurskoðun á þessum reglum og skilmálum Landvara. Niðurstaða þeirrar könnunar var að betra væri gera breytingar á lögunum. Betra væri að hafa samræmdar reglur í lögum um flutninga á landi heldur en setja sérstaka flutningsskilmála sem semja þarf um sérstaklega að gildi í hverju tilviki. Slíkt myndi auka hættu á að hér á landi væru í gildi mismunandi skilmálar.

Voru það einkum eftirfarandi atriði sem talið var að væri ábótavant:

- gildissvið laganna ekki nægilega skýrt;
- taka þyrfti af allan vafa um hvort lögin væru frávíkjanleg;
- óljóst hvort lögin gangi framur umferðarlögum;
- gildissvið laganna vegna innanbæjarflutninga;
- heimild til þess að gefa út rafræn fylgibréf,
- ábyrgðarreglur þeirra væru ekki nægilega skýrar og í mörgum tilfellum of flóknaðar;
- vantar reglur um tilkynningu tjóna og afleiðingar þess ef ekki væri tilkynnt;
- vantar skýrari og betri úrræði fyrir flytjanda þegar honum er ókleift að afhenda vöru;

Samgönguráðuneytið ákvað að skipa starfshóp um endurskoðun laganna og fól SVÞ að skipa fulltrúa vöruflytjanda og fulltrúa kaupenda þjónustunnar í starfshópinn en auk þeirra átti sæti í hópnum fulltrúi ráðuneytisins.

Var starfshópunum falið að endurskoða lögin og vinna að tillögum að frumvarpi, með hliðsjón af því rekstrarumhverfi sem landflutningar búa við í dag og þeim breytingum sem orðið hafa á þessu sviði frá því gildandi lög tóku gildi. Afrakstur þeirrar vinnu er það frumvarp sem hér er kynnt.

II. Helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins frá gildandi lögum

1. Lagt er til að heiti laganna breytist í „**landflutningalög**“. Breyting þessi er til einföldunar og er í samræmi við önnur lög á sviði flutningaréttar, það er „siglingalög“ og „loftferðalög“.

2. Gildissvið.

All nokkrar breytingar eru lagðar til á gildissviði frumvarpsins frá gildandi lögum. Eru helstu nýmæli eftirfarandi:

- Frumvarpið gildir um allan vöruflutning með ökutæki á landi og gildir það því bæði um vörusendingar sem fluttar eru milli bæjarfélaga og innan sama bæjarfélags í stað þess að vera takmarkað við flutninga milli landshluta eða byggðarlaga eins og gildandi lög.
- Frumvarpið gildir án tillits til þess hvort greitt er fyrir flutninginn eða ekki enda annist flytjandi flutning og er með því komið í veg fyrir að hægt sé að komast fram hjá lögnum með því að bjóða upp á ókeypis flutning.
- Frumvarpið gildir um flutning með samtengdum ökutækjum og gámum.
- Frumvarpið gildi einnig um réttarsamband eiganda vöru og flytjanda en í gildandi lögum segir ekkert um réttarstöðu eiganda vöru sem verður fyrir tjóni sem flytjandi á sök á.
- Frumvarpið gildir ekki um póstflutninga heldur gildir um þá flutninga lög um póstþjónustu. Þykir nauðsynlegt að taka það fram vegna sérлага um póstþjónustu og á slíkt ákvæði sér hliðstæðu í loftferðalögum.
- Frumvarpið gildir framar umferðarlögum um ábyrgð á tjóni á vörum, þegar eigandi ökutækis er jafnframt flytjandi vöru.
- Frumvarpið er ófrávíkjanlegt nema annað sé tekið sérstaklega fram í einstökum ákvæðum þess.

Þá er lagt til það nýmæli, til nánari skýringa á frumvarpinu, að ýmis hugtök sem þar koma fram eru skýrð.

3. Flutningssamningar

Áfram er gert ráð fyrir fylgibréfi sem inniheldur tiltekna upplýsingar og er ekki um veigamiklar efnislegar breytingar að ræða frá gildandi lögum. Frumvarpið inniheldur nokkur nýmæli er varða flutningssamninginn og atriði honum tengd og eru þau helstu eftirfarandi:

- Fjallað er um sönnunargildi fylgibréfs og er gert ráð fyrir að hægt sé að víkja frá ákvæðinu;
- Fellt er út ákvæði gildandi laga um hverju megi bæta við fylgibréf enda þykir rétt að veita mönnum val um það;
- Undirritun á fylgibréf getur verið prentuð eða stimpluð;
- Fylgibréf geta verið rafræn;
- Viðmið um hvernig meta á hvort flytjandi hafi vanefnt flutningssamning;
- Flytjandi skal hafa þau lögbundnu leyfi sem krafist er til þess að geta innt af hendi flutninginn;
- Fellt út að flytjandi þurfi að rökstyðja fyrirvara sem honum er heimilt að setja í fylgibréf;
- Ákvæði um ráðstöfunarrétt sendanda vöru er ítarlegra og það skýrt hvenær sá réttur fellur niður;
- Flytjandi á þess kost að þurfa ekki að verða við nýjum fyrirmælum ef það er ómögulegt;
- Breytingar á möguleikum flytjanda að ljúka flutningi ef ekki er hægt að afhenda vöruna;

- Flytjanda gefinn kostur á að losna við vöru með sölu og fá kröfur sínar greiddar ef sendandi sinnir ekki áskorun flytjanda;
- Gíróreglur - möguleiki sendanda að láta flytjanda innheimta fyrir sig andvirði vörunnar áður en varan er afhent móttakanda;
- Flytjandi getur komið í veg fyrir að hann brjóti samning sinn við sendanda varðandi afhendingu á vörunni.

4. Ábyrgð flytjanda

Ein meginbreytingin sem lögð er til með frumvarpinu snýr að ábyrgðarreglum. Að mati starfshópsins eru gildandi reglur allt of stangar, sérstaklega þar sem lagt er til að lögin séu ófrávíkjanleg.

Af þeim sökum er lagt til að ábyrgðarregla frumvarpsins verði sakarlíkindarregla. Í þeirri reglu felst að sönnunarbyrðin hvílir á flytjanda sem þýðir að hann ber ábyrgð á farmtjóni nema hann geti sannað að rekja megi tjónið til atvika sem hvorki hann né menn sem hann ber ábyrgð á eiga á sök á.

5. Fjárhæð skaðabóta

Í frumvarpinu er að finna breytingar er varða fjárhæð bóta og miða þær að því að gera reglurnar ítarlegri svo auðveldara sé að ákvarða bætur þegar vara skemmist eða glatast. Er lagt til að miða eigi bætur við verðmæti vörunnar eins og það kemur fram á vörureikningi að viðbættum flutningsgjöldum, annað tjón er ekki bætt.

Nýmæli er í frumvarpinu að kveðið er á um ákvörðun bóta vegna tjóns sem rekja má til tafa og er lagt til að í slíkum tilvikum bætist einungis beint tjón en ekki óbeint tjón, afleitt tjón eða missir hagnaðar.

6. Takmörkun bótafjárhæðar

Önnur veruleg breyting sem lögð er til með frumvarpinu er um takmörkunarfjárhæð bóta. Breytingar eru nauðsynlegar enda erfitt að reikna út takmörkunarfjárhæðina samkvæmt gildandi lögum þar sem sú vísitala vöru og þjónustu sem miða á við er ekki lengur í gildi.

Starfshópurinn leggur til að tekið verði mið af þeirri venju í flutningarétti að miða takmörkunarfjárhæð við SDR. Þá leggur starfshópurinn til að tekið verði mið af takmörkunarfjárhæð loftferðalaga sem er 17 SDR og takmörkunarfjárhæð CMR-samningsins, sem er alþjóðasamningur á sviði landflutningaréttar, sem er 8,33 SDR. Í frumvarpinu er því lagt til að takmörkunarfjárhæð bóta verði 12,5 SDR fyrir hvert brúttókíló vöru. Er það mat starfshópsins að með þessari tillögu sé ekki gengið of langt í breytingu á fjárhæðinni miðað við gildandi lög og ekki heldur vikið mikið frá þeim reglum sem gilda í þeim ríkjum sem við berum okkur mest saman við.

Lagt er til að gera megi undantekningu frá því að lögin séu ófrávíkjanleg hvað þetta varðar, þ.e. að hægt sé að semja um hærri takmörkunarfjárhæð.

7. Undanþágur frá ábyrgð

Lagðar eru til breytingar frá gildandi lögum á ákvæðum um undanþágur frá ábyrgð og eru þær reglur byggðar á sömu sjónarmiðum og eru að finna í sjórétti og koma fram í siglingalögum. Undanþágur snúa að flutningi á lifandi dýrum, flutningi á

vörum sem búið er að hlaða í gám og þegar lestun eða losun er framkvæmd af aðila sem ekki er á vegum flytjanda.

8. Ábyrgð

Í frumvarpinu er skýrar kveðið á um skyldu sendanda varðandi frágang og þökkun vörunnar og tilkynningu um meðferð hennar ef þörf er á einhverri sérstakri meðferð umfram almennar vörur enda stendur það sendanda næst að gæta að þessum atriðum. Þá hefur frumvarpið að geyma ítarlegri reglur um flutning á hættulegum vörum og skyldum sendanda og úrræði flytjanda hvað það varðar.

Lagðar eru til skýrari reglur um móttöku vöru og lagt til að móttakandi fái þriggja daga frest til þess að taka við vöru.

Þá er nýmæli í frumvarpinu hvað skuli gera ef fyrir hendi hefur verið samningur milli móttakanda og flytjanda um vöruflutninga sem sagt hefur verið upp en flytjandi samt tekið að sér flutning. Er með þessu ákvæði verið að leysa ákveðið vandamál sem upp hefur komið undanfarin ár með auknum landflutningum.

Áfram er gert ráð fyrir að flytjandi hafi handveð í vörunni en ákvæðið er gert skýrara og ítarlegar mælt fyrir um rétt flytjanda til þess að selja vöru upp í kröfur sínar. Auk þess er nýmæli að kveða á um réttaráhrif þess ef ekki er tilkynnt um tjón og lagðar til skýrari reglur um fresti til tilkynninga.

9. Ýmis ákvæði

Lagt er til að ekki sé heimilt að að semja um lengri eða styttri frest en mælt er fyrir um í frumvarpinu.

Þá er nýmæli að kveða á um að ákvæðum laganna skuli beita hvort sem krafa byggir á samningi eða ábyrgð utan samninga og er ákvæðið í samræmi við sjórétt og á að tryggja að ekki sé hægt að komast fram hjá lögnum á neinn hátt með því að byggja bótakröfu á t.d. almennum skaðabótareglum.

III. Samandregið má segja að helstu breytingar og nýmæli frumvarpsins séu eftirfarandi:

- Nýtt heiti;
- Víðara og betur afmarkað gildissvið;
- Gildir um flutning hvort sem flutt er gegn gjaldi eða ekki;
- Gildir um gámaflutninga;
- Gildir um eiganda vöru;
- Ófrávíkjanlegt nema annað sé tekið fram;
- Orðskýringar;
- Gildir ekki um póstflutninga;
- Gengur framur umferðarlögum um ábyrgð á tjóni á vöru;
- Sönnunargildi fylgibréfs;
- Rafrænt fylgibréf;
- Undirritun getur verið prentuð eða stimpluð;
- Skyldur flytjanda vegna flutnings sem viðmið við ákvörðun um vanefndir;
- Fellt út að flytjandi þurfi að rökstyðja fyrirvara í fylgibréfi;
- Rannsóknarskylda flytjanda getur fallið niður;

- Flytjandi þarf ekki að fara að nýjum fyrirmælum ef er ómögulegt;
- Möguleikar flytjanda til að ljúka flutningi ef ekki er hægt að afhenda vöru;
- Gírókröfur – móttakandi greiða kröfur sem á vörunni hvíla;
- Ný ábyrgðarregla – sakarlíkindareglan;
- Heimild til að lækka eða fella niður bætur;
- Bótafjárhæð – almennt á að miða við verðmæti vöru í vörureikningi;
- Ný takmörkunarfjárhæð – 12,5 SDR;
- Hægt að víkja frá takmörkunarfjárhæðum – til hækkunar eingöngu;
- Undanþága frá ábyrgð – ákveðin tilvik;
- Ítarlegri reglur um flutning á hættulegum vörum, skyldur sendanda og úrræði flytjanda;
- Ítarlegri reglur um móttöku voru og fresti til þess;
- Úrræði ef vara er ekki móttokin;
- Úrræði ef áfram er flutt samkvæmt samningi sem hefur verið sagt upp;
- Réttur flytjanda til að selja vöru upp í kröfur;
- Réttaráhrif þess að ekki er tilkynnt um tjón og frestir til tilkynninga;
- Ekki heimilt að semja um annan fyrningartíma;
- Gildir hvort sem krafa byggir á samningi eða ábyrgð utan samninga;